

Um fagmennsku í skólastarfi

Rúnar Sigbórsson, Rósa Eggertsdóttir og Guðmundur Heiðar Frímannsson (ritstjórar). (2013). *Fagmennska í skólastarfi: Skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni*. Reykjavík: Háskólinn á Akureyri og Háskólaútgáfan. 296 bls.

Ritið *Fagmennska í skólastarfi* er skrifað til heiðurs Trausta Þorsteinssyni. Trausti hefur helgað ævistarf sitt skólamálu; var kennari, skólastjóri og fræðslustjóri um árabil, síðan forstöðumaður Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og er nú dósent við framhaldsbraut kennaradeildar sama skóla. Trausti hefur því komið víða við í þróun skólamála hérlendis og hefur fagmennska, bæði kennara og skólastjórnenda, verið eitt helsta hugðarefni hans. Kafli Trausta um Fagmennsku kennara sem birtist í bókinni *Fagmennska og forysta: Þættir í skólastjórnun* var tímamótaumfjöllun um það efni þegar bókina kom út árið 2003. Þess vegna var vel við hæfi að gefa út rit Trausta til heiðurs tíu árum síðar þar sem fagmennska kennara og skólastjórnenda er skoðuð frá ýmsum sjónarhornum fræðimanna og rannsakenda hér á landi.

Um bókina

Ritið skiptist í tólf kafla, sem þrettán höfundar skrifa, auk Formála eftir Jónas Pálsson, fyrrverandi rektor Kennaraskóla Íslands, og Inngangs ritstjóranna. Fyrir framan kaflana er viðtal við Trausta Þorsteinsson sem ritstjórnir tóku; þar koma helstu hugðarefni hans og áherslur í skólamálu vel fram.

Í viðtalinu er lagður grunnur að efni bókarinnar. „Leiðarstef hennar er velferð og menntandi námsreynsla barna og ungmenna í skólum“ segir í lýsingu á bókarkápu. Þar setur Trausti fram hugmyndir og tillögur til úrbóta í skólamálu af hreinskilni og heiðarleika og eru tillögur hans mjög athyglisverðar að mínu mati. Nefna má sérstaklega umfjöllun um ólík snið á fagmennsku kennara (bls. 22), kennaramenntunina (bls. 28–30) og skóla fyrir alla (bls. 23–25). Áhersla Trausta á fagmannleg vinnubrögð þeirra sem koma að menntun og uppeldi í skólum landsins er ekki síst með fjölbreyttan nemendahóp, þar sem komið er til móts við ólíkar þarfir og áhuga barna og ungmenna, í huga.

Höfundar átta kafla bókarinnar eru samstarfsmenn Trausta á Norðurlandi en fimm höfundar eru „að sunnan“ eins og gjarnan er sagt norðan heiða. Höfundarnir voru valdir út frá viðfangsefnum og rannsóknum sem tengjast helstu áherslum Trausta og áhugamálum sem snerta skólamál, einkum fagmennsku kennara og skólastjórnenda.

Lærdómssamfélag og forysta

Tveir fyrstu kaflarnir fjalla um hugtakið *lærdómssamfélag* sem er tiltölulega nýtt í umræðu um eflingu fagmennsku kennara og skólaþróun hér á landi. Í umfjöllun Önnu Kristínar Sigurðardóttur um hugtakið eru hagnýtar upplýsingar og tillögur um leiðir til að efla og styrkja lærdómssamfélag þar sem nám og árangur nemenda er meginmarkmið. Áhersla er lögð á faglega þróun í starfi kennara með dyggri forystu skólastjóra, sem eru í forystu um þróun skólastarfsins. Þar er lögð rík áhersla á samstarf kennara og skólastjórnenda sem saman mynda lærdómssamfélag. Mikilvægur hluti kaflans er um „leiðir til að þróa og styrkja lærdómssamfélag“ (bls. 47). Þar er athyglisverð lýsing á því hvernig vinna má að sameiginlegri framtíðarsýn samstarfsamanna skóla til að „stefna komist í framkvæmd og leiði til umbóta“ (bls. 47). Skýrt kemur fram í kaflanum að tilgangur með samvinnu í lærdómssamfélagi er að markmið og bættur árangur náist í skólastarfinu. Kemur það heim og saman við áherslu Trausta á nemandann og nám hans sem hann vill að sé ávallt í brennidepli.

Í framhaldi af kafla Önnu Kristínar er kaflinn *Einstaklingsmiðun sem markmið í lærdómssamfélagi*. Þar greina þau Birna Svanbergsdóttir, Allyson Macdonald og Guðmundur Heiðar Frímansson frá starfendarannsókn í grunnskóla hér á landi. Þar er mjög vel útskýrt hvernig hægt var að taka fyrir ákveðið efni og innleiða í lærdómssamfélagi sem „stuðlaði að eflingu og bættu námi“ (bls. 55). Sérstaka athygli vekur niðurstaða úr rýnihópaviðtölum við nemendur þar sem þeir lýsa námi sínu sem mjög „hefðbundnu“ (bls. 70–71). Þátttaka í lærdómssamfélagi er liður í breyttum áherslum á samvinnu og fagmennsku í skólastarfi og tengist því sem Trausti Þorsteinsson nefnir samvirka fagmennsku í fyrrnefndri bók frá 2003. Umfjöllun um rannsókn Birnu og félagastjórnar vel þá skilgreiningu á hugtakinu lærdómssamfélag sem fram kemur í kafla Önnu Kristínar. Í báðum köflunum tekst ágætlega að skilgreina þetta nýja hugtak í umræðu um skólamál hér á landi. Nánari umfjöllun um gildi þátttöku kennara í lærdómssamfélagi og áhrif hennar á virkni nemenda í eigin námi og árangur hefði gjarnan mátt vera í báðum köflunum.

Þriðji kafli ritsins er eftir Börk Hansen og fjallar um forystu og skólastarf. Hann tengist köflunum á undan þrýðilega með umfjöllun um hlutverk skólastjóra og mikilvægi þeirra í skólaþróun. Einnig kemur skýrt fram að hlutverk þeirra breytist með aukinni þátttöku í lærdómssamfélagi og auknum tengslum við kennara og samvinnu við þá svo og dreifingu á forystu, en hvort tveggja stuðlar að framförum og bættum árangri í skólastarfi. Í skrifum Barkar kemur vel fram að hlutverk skólastjórnenda hefur á síðustu árum þróast frá því að þeir sinni að mestu ytri ramma skólastarfs eða kerfinu eins og það er kallað yfir í aukna þátttöku í innra starfi skóla, til dæmis með skipulagningu á faglegri ráðgjöf kennurum til handa (bls. 88–89). Segja má að samsvörun sé á milli breytts hlutverks skólastjóra hvað varðar samvinnu við kennara og

hlutverks kennara gagnvart nemendum hvað aukna þátttöku þeirra og ábyrgð á eigin námi varðar.

Kaflann *Skólamenning og skólaþróun í ljósi nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla* eftir Ólaf H. Jóhannsson tengi ég líka forystu í skólaþróun þó svo að þar sé einnig fjallað um fagmennsku starfsmanna almennt. Í kaflanum kemur vel fram hvernig standa má að breytingum og skólaþróun sem byggist á menningu hvers skóla. Athyglisvert er hve ríkjandi viðhorf og gildi eru mikilvæg þegar skólamenning er skoðuð og henni lýst (bls. 155–156). Hið sama gildir um skoðun Ólafs á áherslum Aðalnámskrár sem kveða á um mótun og þróun skólamenningar sem styður skólaþróun og er því í anda samvinnu og samvirkrar fagmennsku sem Trausti Þorsteinsson (2003) fjallar um (sjá bls. 167).

Kaflí Rúnars Sigþórssonar um sérfræðipjónustu við leik- og grunnskóla er settur hér undir umfjöllun um forystu. Í honum fjallar Rúnar um rannsókn sína á opinberum stefnuskjölum um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla, eftir að hún var færð yfir til sveitarfélaga fyrir 15 árum. Umfjöllun Rúnars er ýtarleg og upplýsandi þar sem hann gerir meðal annars grein fyrir mikilvægum forsendum sérfræðipjónustu skóla. Áhugavert er að lesa um það sem Rúnar kallar menntandi skólastarf og um sérfræðipjónustu sem stuðning við starf. Niðurstöður rannsóknarinnar eru sérlega athyglisverðar fyrir alla aðila skólasamfélagsins, ekki síður þá sem marka stefnuna en þá sem eiga að fylgja henni.

Fagmennska

Tveir kaflar fjalla beint um fagmennsku kennara. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson skrifar um hlutverk og fagmennsku kennara í stefnu sveitarfélaga út frá rannsókn sem hann gerði á stefnuskjölum þeirra á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ingólfur Ásgeir greindi orðræðu þessara skjala um kröfur til kennara í leik-, grunn-, og framhaldsskólum. Ingólfur Ásgeir er eini höfundurinn sem skrifar út frá samstarfi við Trausta, en það var í námskeiði við kennaradeild Háskólans á Akureyri. Hann mátar niðurstöður sínar við viðfangsefni stúdenta og skrif Trausta um fagmennsku kennara. Niðurstöður þeirrar vinnu eru mjög áhugaverðar, meðal annars í ljósi þróunar kennarastarfsins frá einyrkjastarfi til samstarfs og samvirkni við aðra starfsmenn skóla (sjá bls. 143–145).

Að verðskulda traust. Um siðferðilegan grunn fagmennsku og starf kennara er heiti kafla sem Sigurður Kristinsson skrifar. Hann útskýrir nákvæmlega og með skýrum og góðum dæmum hvað átt er við með hugtakinu fagmennska, bæði í víðum og þröngum skilningi (bls. 238–243). Einnig skilgreinir hann hugtakið fagmennska ýtarlega út frá þríþættri skuldbindingu, sem er kunnátta, færni og alúð. Áhugaverð er umfjöllun um fagmennsku kennara þar sem gengið er út frá þremur þróunarstigum Hargreaves sem Trausti fjallaði um í títtnefndum kafla árið 2003. Þar geta kennarar mátað sig við þrenns konar fagmennsku og skoðað hvað á best við um þá, til dæmis við mótun og þróun eigin fagmennsku og starfskenningar. Kaflí Sigurðar er einnig gott viðfangsefni fyrir lærdómssamfélag skóla við skólaþróun og mótun skólamenningar og stefnu skóla. Þetta er afar mikilvægt umfjöllunarefni þar sem stutt er síðan kennarar fóru

að tala um og líta á sig sem fagmenn. Segja má að þeir hafi bókstaflega hrokkið í kút þegar fyrst var farið að tengja starf þeirra við fagmennsku. Ég tel að margir kennarar glími enn við það að skilgreina sig sem fagmenn og þá hvernig fagmenn þeir eru. Umfjöllun Sigurðar er holl lesning fyrir þá og líka aðra sem eiga erfitt með að skilja hvað felst í fagmennsku kennarastarfsins. Honum tekst sérlega vel að útskýra hvað felst í hugtakinu fagmennska og hvernig það snýr að kennarastarfinu. Kaflinn tengist mjög vel skrifum Trausta um fagmennsku kennara tíu árum áður en þessi bók kom út og í raun er gengið út frá þeim.

Nemendur

Þrjú kaflar í ritinu eru helgaðir nemendum sérstaklega. Guðmundur Heiðar Frímansson skrifar um raddir nemenda og lýðræði í skólastarfi. Hann skilgreinir í upphafi kaflans hvað átt er við þegar talað er um raddir nemenda og raunveruleg áhrif þeirra á skólastarf. Hann tekur fyrir nokkur hugtök tengd lýðræði sem tilheyra ekki, enn sem komið er, daglegri orðræðu í skólasamfélaginu, til dæmis ígrundað lýðræði, frjálslynt lýðræði, rökræðulýðræði og borgaramenntun (bls. 99–100). Í síðasta hluta kaflans setur hann fram tillögur um hvernig búa megi nemendur undir virka þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi þar sem leitast er við að þeir „læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2012, bls. 19) og telur hann rökræðulýðræði heppilega leið til þess (bls. 107).

Í kaflanum *Maður er manns gaman* fjallar Sigrún Sveinbjörnsdóttir um samvinnu nemenda út frá samvinnunámi og gildi þess í skólastarfi. Einnig fjallar hún um viðhorf foreldra og kennara til þessa kennsluforms eins og hún nefnir það. Ég tel umfjöllun um samvinnunám afar brýna í skólamálaumræðu og þróun skólastarfs í dag, til dæmis í ljósi félagslegrar áherslu þess og samvinnu nemenda. Í kaflanum eru rakin á greinargóðan hátt tengsl samvinnunáms við fræði, sögu og þróun kennsluaðferðarinnar svo og sérlega athyglisverðar niðurstöður rannsókna á samvinnunámi og samanburði þess við aðrar kennsluaðferðir þar sem í ljós kom að það skilaði nemendum betri árangri en aðrar aðferðir (sjá bls. 220 og 230). Einnig er umfjöllunin um viðhorf kennara og foreldra mjög áhugaverð, en þar er komið inn á breyttar áherslur í skólastarfi í kjölfar laga um grunnskóla 1974 og aukin réttindi allra nemenda með tilkomu þeirra. Sigrún stillir skemmtilega upp muninum á samvinnunámi í skólum og aðferðum sem byggðust á einstaklingsvinnu og samkeppni (bls. 223). Þótt ekki komi fram gagnrýni á samvinnunám í kaflanum á hann sannarlega erindi í umræðu um samvinnu kennara og skólastjórnenda í lærdómssamfélagi nútíma skóla og skólaþróun með hagsmuni nemenda og árangur að leiðarljósi.

Viðfangsefni Þóru Bjarkar Jónsdóttur og Rúnars Sigþórssonar er þátttaka og áhrif nemenda í skólastarfi. Þau ganga út frá hugtakinu *rödd nemenda* þar sem um raunverulegt samstarf þeirra við fullorðna er að ræða hvað varðar ákvarðanir um skólastarf. Kaflinn er vel upp byggður; hann hefst á fræðilegri umfjöllun um nemendaþátttöku og greiningu á henni sem er holl lesning fyrir alla sem að námi og kennslu koma. Greint er frá nýrri íslenskri rannsókn á starfsháttum í grunnskólum þar sem meðal markmiða var að gefa mynd af námi nemenda og þátttöku þeirra í ákvörðunum um

eigið nám. Höfundar gera ýtarlega grein fyrir niðurstöðum sem eru afar áhugaverðar fyrir alla aðila skólasamfélagsins því að rödd nemenda bendir á margt athyglisvert um nám þeirra og stöðu í skólastarfinu. Vel kemur fram hve nauðsynlegt er að hlusta á rödd nemenda til að þeir taki aukna ábyrgð á námi sínu sem virkir þátttakendur þar sem lýðræðis og jafnréttis er gætt, eins og meðal annars Aðalnámsskrá grunnskóla 2011 kveður á um. Í lok kaflans er mat á stöðunni og fagleg leiðsögn ásamt tillögum um úrbætur.

Læsi og lestrarnám

Í tveimur köflum er fjallað um læsi og lestrarnám í grunnskólum. Kafli Rósu Eggertsdóttur heitir *Starfsþróun og varanlegar breytingar í skólastarfi: Byrjendalæsi í ljósi fræða um starfsþróun*. Hún greinir frá viðamiklu verkefni sem Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) setti af stað árið 2003 þar sem grunnskólum hér á landi gafst „kostur á að innleiða starfshætti Byrjendalæsis“ (bls. 169), en Rósa er höfundur þess líkans. Hér mátar hún þessa innleiðingu við starfsþróunarlíkan. Verkefninu Byrjendalæsi og stuðningi MSHA við kennara í þeim skólum sem hafa innleitt líkanið er lýst stuttlega og gerð er ýtarleg grein fyrir meginsjónarmiðum um starfsþróun og mati á þróunarstarfi. Fram kemur að nauðsynlegt sé að skoða og endurmeta viðfangsefni eins og þetta í ljósi starfsþróunar og áhrifa á hana þar sem Byrjendalæsi hefur verið innleitt í um það bil helmingi grunnskóla hér á landi (47% vorið 2013) á stuttum tíma (frá 2006). Endurmat Rósu gagnast öllum aðilum í skólasamfélaginu sem hafa kosið að nota Byrjendalæsi í læsiskennslu og ekki síður ráðgjöfum MSHA sem standa að innleiðingu þess. Kafli af þessum toga er til marks um fagleg vinnubrögð sem læra má af þegar áhrif nýjunga á skólastarf eru metin.

Annar kafli um læsi nefnist *Fágæti og furðuverk: Lestrarhvetjandi samstarfsverkefni heimila og skóla* og er hann eftir Ingibjörgu Auðunsdóttur sem hafði umsjón með samnefndu þróunarverkefni í einum grunnskóla á Akureyri. Í kaflanum greinir Ingibjörg frá því að verkefnið sé viðbrögð við niðurstöðum úr PISA-rannsóknnum á árunum 2000–2009 á lesskilningi nemenda hér á landi, sem hafði dalað á þessu tímabili, og PIRLS-rannsókn 2006 á læsi níu ára nemenda sem sýndi að stúlkur stóðu sig betur en drengir í læsi. *Fágæti og furðuverk* er enskt þróunarverkefni sem kallast *Curiosity Kit* á frummálinu (sjá bls. 111). Því er einkum ætlað að höfða til drengja en er þó ætlað öllum 9–11 ára nemendum. Verkefninu var ætlað að hafa hvetjandi áhrif á lestur og bæta vinnubrögð og samstarf heimila og skóla um lestur barna (sjá bls. 117). Ingibjörg gerði starfendarannsókn í tengslum við innleiðingu verkefnisins eftir að það hafði verið forprófað og síðan kennt í tilraunaskyni í tvö ár. Í ljós kom að „drengirnir höfðu meiri áhuga á verkefninu en stúlkurnar en verkefnaskil drengjanna voru verri en stúlkanna“ (sjá bls. 124). Áhugavert væri að skoða þetta nánar þar sem þetta er bæði gömul saga og ný með mismun kynjanna. *Fágæti og furðuverk* er mjög áhugavert viðfangsefni og í raun einstakt þar sem það var einkar vel kynnt fyrir foreldrum sem fylgdu því eftir í heimanámi barna sinna. Áhersla var lögð á að feður tæku aukinn þátt í heimanámi barna sinna en rannsóknir, meðal annars hér á landi, hafa sýnt að það eru mæðurnar sem einkum sinna því.

Samantekt

Ritið *Fagmennska í skólastarfi* hefur að geyma mjög áhugaverð skrif um skólastarf hér á landi. Þau eru fjölbreytt og lýsa á ýmsan hátt fagmennsku kennara og skólastjórnenda og samvinnu og þátttöku þeirra í þróun skólastarfs. Þessi skrif koma vel heim og saman við þátttöku og framlag skólamálsins Trausta Þorsteinssonar til menntamála hér á landi. Vel hefur tekist að sameina fræðilegt og hagnýtt sjónarhorn í köflunum eins og ritstjórn fór fram á við höfunda.

Áberandi er í umfjöllun flestra höfunda hve rík áhersla er lögð á aukið samstarf og samvirkni allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjórnendur og kennarar geti ekki lengur lokað að sér og unnið hver í sínu horni heldur þurfi að taka þátt í því sem nú til dags kallast *lærdómssamfélag* og geta sýnt *nýja fagmennsku* í starfi og skólaþróun. Þeir verða að vera færir um að geta unnið samkvæmt menntastefnu yfirvalda og lögum og aðalnámskrá viðkomandi skólastigs með fjölbreytnina sem auðlegð. Einnig eiga þeir að vera færir um að vinna með ýmis gildi í skólastarfi til að mennta og móta börn og ungmenni á fjölbreyttan hátt sem virka og ábyrga þjóðfélagsþegna með lýðræði, mannréttindi og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Raddir nemenda þurfa að fá að hljóma svo þeir fái áheyrendur sem stuðla að fullri hlutdeild þeirra í ákvarðanatöku og áhrifum á eigið nám og þar með aukinni ábyrgð á því. Þeir þurfa að fá tækifæri til að æfa röddina í námi sínu í stað þess að sitja og þegja og nota einungis aðra höndina megnið af skólatímanum. Þegar á heildina er litið er bókin mjög gagnlegt rit og þarft framlag til menntamála hér á landi.

HEIMILDIR

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2012). *Aðalnámskrá grunnskóla 2011. Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Trausti Þorsteinsson. (2003). Fagmennska kennara. Í Børkur Hansen, Ólafur H. Jóhannsson og Steinunn Helga Lárusdóttir (ritstjórar), *Fagmennska og forysta: Þættir í skólastjórnun* (bls. 187–200). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

UM HÖFUNDINN

Jóhanna Karlsdóttir (johannak@hi.is) er lektor við Kennaradeild Háskóla Íslands. Hún lauk kennaraprófi frá Kennaraskóla Íslands 1972, framhaldsnámi í byrjendakennslu og myndmennt frá Danmarks Lærerhøjskole 1989 og M.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands 2001. Hún starfaði sem kennari við grunnskóla í 30 ár, lengst af við Grunda-skóla á Akranesi, og starfaði á Fræðsluskrifstofu Vesturlands í nokkur ár sem kennslu-ráðgjafi. Helstu rannsóknarsvið hennar eru skóli án aðgreiningar og framkvæmd þeirrar stefnu, námskráfræði, námsmat og heimanám nemenda í grunnskólum.